

Fornleifaskráning í landi Garpsdals vegna fyrirhugaðra vindmyllugarða



Atli Rúnarsson

NV nr. 20-23

September 2023

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: September 2023
Skýrsla nr: 20-23	Verknúmer: 643	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Garpsdals vegna fyrirhugaðra vindmyllugarða		Blaðsíður:
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Em orka ehf
Útdráttur Fornleifaskráning í landi Garpsdals vegna fyrirhugaðra vindmyllugarða		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, Garpsdalur, vindorka		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Garpsdalur, wind power
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:


EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI	1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	3
4. SAGA GARPSDALS	3
5. HEIMILDASKRÁ	6
6. NIÐURSTÖÐUR.....	7
7. KORT	8

1. INNGANGUR

Að beiðni Em orku ehf réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra vindmyllugarða í landi Garpsdals við Gilsfjörð.

Vettvangsrannsókn fór fram þann 16. ágúst 2023 og var framkvæmd af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð. Með í för voru umhverfisfræðingarnir Hulda Birna Albertsdóttir og Hafdís Sturlaugsdóttir sem voru að sinna gróðurrannsóknum fyrir sama verkefni.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með gulri stjörnu.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið var um 440 ha og var allt uppi á grófu óbyggðu hálendi og vatnasvæðum ofan á Garpsdalsfjalli.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu en þó hafði Fornleifastofnun Íslands SES. skráð í námunda við svæðið vegna sama verkefnis árið 2018.¹



Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu punktalínunnar.

¹ Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Guðrún Alda Gísladóttir, 2018

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalousu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA


Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3114 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3114-001.

4. SAGA GARPSDALS

Minnst var á Garpsdal í Landnámu: „*Gils skeiðarnef nam Gilsfjörð milli Óláfsdals ok Króksfjarðarmúla; hann bjó á Kleifum. Hans sonr var Héðinn, faðir Halldórs Garpsdalsgoða,*

*föður Þorvalds í Garpsdal, er átti Guðrúnu Ósvífrsdóttur.*² Einnig var minnst á jörðina í Gullþóris sögu (líka þekkt sem Þorskafjarðarsaga): „[...] *synir voru þeir Héðinn í Garpsdal og Herfinnur í Múla*“ og samkvæmt henni er dalurinn kenndur við uxann Garp.³

Einnig var minnst á Garpsdal í Sturlungu frá því um 1244 á þá bjó þar Gunnsteinn Hallsson og Vigfús sonur hans.⁴ Árið 1430 var jörðin nefnd í gjafabréfi Lopts Guttormssonar⁵ og árið 1519 var bærinn nefndur í bréfabók Ögmundar biskups í Skálholti.⁶ Árið 1546 seldi Þorleifur Pálsson lögmaður honum Birni Þorleifssyni Keldur, Foss og hraun ásamt Hnappavöllum og Svínafelli í Öræfum fyrir Garpsdal og Gilsfjarðarmúla⁷ og einnig var minnst á jörðina í jarðabréfi frá 1559.⁸



Mynd 3. Túnakort Garpsdals frá 1920.

Á árunum 1686 – 1695 var jörðin metin á 40 hundruðir og var í einkaeign.⁹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, segir að Garpsdalur hafi verið kirkjustaður og jarðardýleikinn 40 hundruðir sem tíunduðust biskupi, presti og fátækum en kirkjutífund féll niður fyrir kirkjuvöktun. Eigandinn var Bjarni Pétursson, sýslumaður að Skarði á Skarðsströnd, en ábúendurnir voru Loftur Jónsson og Þórdís Þórðardóttir, hver á sínum hlut. Landskuld fyrir stóru-bólu voru 2 hundruðir en eftir hana 1. Leigukúgildin voru átta og átti kirkjan þau öll og greiddust leigur í smjöri, helmingur til prestsins og hinn helmingurinn til landsdrottins. Engar kvaðir voru á jörðinni. Útigangur fyrir fé var í skárri lagi en ekki góður fyrir hesta. Torfrista og stunga var slök og lítil silungsveiði von. Einhver eggjataka af æðafugli var í einni eyju og þremur skerum, sama var með dún. Selveiðivon var lítil. Kirkjan átti skógarhögg í Borgarskóg í Króksfirði, en ekki var ákveðið hve mikið og hafði ekki verið mikið not af því. Kirkjan átti móskurð í Svarhólslandi í

² Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 94-95

³ Snerpa.is, 2023

⁴ Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn, 1946, bls. 505

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 405

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 709

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 482

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 394

⁹ Björn Lárusson, 1967, bls. 189

Geiradal en það hafði ekki verið notað sem menn mundu. Túninu var spillt öðru hverju af skriðum úr fjallinu og af bæjarlæknum með sands áburði fyrir utan og neðan bæinn. Enginu spillti sumstaðar grjóthrun og leir og sumstaðar át vatn upp ræturnar. Kvikfénaði var hætt fyrir sjávarföllum og húsum og hæjum hætt fyrir stórveðrum.¹⁰

Í jarðatali Johnsens frá 1847 var jörðin í kirkjueign, dýrleikinn var 40, landskuldin 1,60, kúgildin 8 og ábúandinn prestur.¹¹

Á túnakorti af Garpsdal frá 1920 var sagt að tún væru 5.4 hektarar og kálgarðar 360m². 2/3 af túninu voru slétt.¹²

¹⁰ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 182-183

¹¹ J. Johnsen, 1847, bls. 175

¹² Túnakort - Garpsdalur, 2023

5. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Guðrún Alda Gísladóttir. (2018). *Deiliskráning fornleifa í landi Garpsdals í Gilsfirði: Vegna vindmyllugarðs og veglagnar*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.
- Björn Lárusson. (1967). *The old icelandic land registers*. Lund: Gleerup.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi*. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslendingabók og Landnáma*. (1942). Reykjavík: Herbertsprent.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn. (1946). *Sturlunga Saga* (B. II). Reykjavík: Sturlungaútgáfan.
- Örnefnaskrá - Valshamar. (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun.
- Snerpa.is*. (25. 9 2023). Sótt frá Gull-Þóris saga: <https://www.snerpa.is/net/isl/gull.htm>
- Túnakort - Garpsdalur*. (25. september 2023). Sótt frá Manntal.is: https://manntal.is/myndir/Tunakort/Bardastrandarsysla/A-Bardastrandarsysla/Geiradalshreppur/Jpg-400/Geiradalshreppur_003.jpg

6. NIÐURSTÖÐUR

Engar fornminjar fundust við vettvangsrannsókn né neinar heimildir um að á svæðinu gætu leynst fornminjar. Engin örnefni á svæðinu bentu til þess að þar væru minjar en vert er að minnast á Geirshaug sem er skammt utan svæðisins, þrátt fyrir að hann sé án efa nátturmyndun, en hann er sagður vera haugur landnámsmannsins í Geiradal.



Mynd 4. Horft að Geirshaug frá skráningarsvæðinu.

Haugurinn er í rauninni tveir gríðarstórir grjóthólar og eiga vopn og peningar að vera grafnir í öðrum haugnum og landnámsmaðurinn í hinum.¹³

Þrátt fyrir að engar minjar voru sjáanlegar á yfirborði er vert að benda á að samkvæmt menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir samstundis ef áður óþekktar fornminjar finnast undir sverði og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða næstu skref.



Mynd 5. Dæmigert landslag á skráningarsvæðinu.

¹³ Örnefnaskrá - Valshamar

7. KORT

